

SKOÐUN

Landssamband smábáta- eigenda gerir ríkinu tilboð

EFTIR KJARTAN PÁL SVEINSSON

Það er sjaldgæft að stjórnvöldum berist tilboð sem slær þrjár flugur í einu höggi. Það gerðist þó í kjölfar síðasta aðalfundar Landssambands smábátaeigenda, þar sem lögð var fram tillaga upp á 30.000 tonna þorskvóta gegn 4 milljarða króna greiðslu. Tilboðið sameinar, á einu bretti, auknar tekjur ríkissjóðs, styrkingu brothættra byggða og umhverfisvæna nýtingu sjávarauðlindar. Því miður hafa LS ekki borist nokkur viðbrögð en ríkisstjórnin ætti að taka þessa tillögu alvarlega, af nokkrum ástæðum.

Ríkiskassinn

Í fyrsta lagi er það innspýtingin í ríkiskassann. Fjórir milljarðar króna fyrir 30.000 tonn jafngilda 133 krónum á hvert kíló. Sú upphæð er verulega hærri en þær viðmiðanir sem ræddar hafa verið um veiðigjöld á þorski og jafnvel umtalsvert yfir því sem áður hefur verið talið raunhæft að innheimta með almennum breytingum á gjalddóku. Ef allur þorskur væri leigður á þessu verði myndi það þýða rúmlega 27 milljarða í buddu þjóðarinnar.

Greiðsla færi fram við löndun eða í gegnum fiskmarkaði, sem stuðlar að gagnsæi og tryggir að framkvæmdin kostar ekki neitt. Ef stjórnvöld telja mikilvægt að þjóðin fái sanngjarnari hlut af sameiginlegri auðlind sinni er erfitt að hunsast tilboð sem lofar þegar í stað hærri tekjum í ríkissjóð.

Byggðirnar

Í öðru lagi eru það áhrif á brothætta byggðir. Smábáta-útgætur hefur víða verið lífæð smærri byggðarlaga þar sem nálægðin við miðin er mikil en aðgangur að aflaheimildum takmarkaður. Þegar kvóttinn safnast á færri hendur veikist atvinnugrundvöllur margra staða, jafnvel þótt



Kjartan Páll Sveinsson.

”

Ef allur þorskur væri leigður á þessu verði myndi það þýða rúmlega 27 milljarða í buddu þjóðarinnar.

fiskimiðin séu örfáum sjómílum út frá höfnum landsins. Tilboðið er þannig mikilvæg mótvægisáðgerð gegn þeirri hagræðingu sem hefur leitt af sér 30% fækkun sjómanna-
starfa á landsbyggðinni frá 2010.

Tillaga LS stuðlar þannig að atvinnusköpun í þeim byggðum sem hafa söguleg, efnahagsleg og félagsleg tengsl við nýtingu hafsins, enda skapa smábátar þrisvar sinnum fleiri störf á hvert veitt tonn en tíðkast í stóra kerfinu. Með öðrum orðum væri þetta byggðastefna sem borgaði með sér.

Umhverfið

Í þriðja lagi má horfa til umhverfisþáttarins. Smábátar

stunda umhverfisvænustu veiðar sem völ er á. Handfæri, lína og net eru allt kyrrstæð veiðarfæri sem raska ekki lífríki, olíunotkun er brot af því sem togarar brenna, plasmengun er lítil og meðafli í lágmarki. Vissulega þurfa allar veiðar að lúta ákveðnum stöðlum um sjálfbærni en það er löngu kominn tími á að auka svigrúm þeirra veiðarfæra sem valda minnstum umhverfisskaða. Ef stjórnvöld vilja styrkja græna nýtingu auðlinda gætu þau sýnt það í verki og skoðað tilboð okkar með umhverfis-sjónarmið í huga.

Gagnrýnin

Það er viðbúið að SFS bregðist ókvæða við. Frá þeirra sjónarhorni eru öll frávik frá meginreglu kvótakerfisins – aflamarkskerfi sem grundvallast á úthlutun framseljanlegra aflaheimilda – stórhættuleg. Gildir þar einu að kvótakerfið hafi farið eins og eldur um sinu um byggðir landsins og stuðlað að samþjöppun og umbuni mestu umhverfissóðunum.

Staðreyndin er hins vegar sú að kvótakóngarnir eru komnir með puttana í 5,3% kerfið sem var sett á laggirnar til að milda mesta félagslega skaðann sem kvótakerfið hefur haft í för með sér og eru langt komnir með að grafa undan því. Tilboðið er í nafni félaga í LS og

tryggir þannig að aflaheimildirnar dreifast þangað sem þörfin fyrir þær er mest.

Þetta tilboð er ekki krafa um gjafakvóta eða undanþágu án endurgjalds. Þvert á móti er hér um að ræða skýrt verðlagt tilboð þar sem ríkissjóður fengi veglega greiðslu fyrir aðgang að sameiginlegri auðlind þjóðarinnar. Spurningin er því ekki hvort verið sé að gefa eftir verðmæti, heldur hvort stjórnvöld hafi vilja til að ráðstafa hluta þeirra með þeim hætti að fleiri en örfá stór fyrirtæki njóti ávinningsins. Fjölbreytt útgerðarform er hagar okkar allra.

Ávinningurinn

Ríkisstjórnin hefur hér tækifæri til að senda skýr skilaboð um að hún taki bæði auðlindarentu, byggðasjónarmið og umhverfisábyrgð alvarlega. Með því að samþykkja eða að minnsta kosti hefja formlegar viðræður um tilboð LS væri hún ekki aðeins að svara ákalli smábáta-sjómanna um sanngjarnari hlutdeild í fiskveiðistjórnunarkerfinu heldur einnig að bregðast við stærri spurningu: Hver á að njóta arðsins af auðlind sem tilheyrir þjóðinni? Mitt svar er einfalt. Þjóðin á að njóta hans betur. Þetta tilboð er skref í þá átt.

Höfundur er formaður Landssambands smábátaeigenda.